

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ÍSL 202 Kennsluáætlun vorönn 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir og Emilía Baldursdóttir	Sk.st.	ALH, EMB
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls, s.s. stafsetningu, orðflokkgreiningu og greinarmerkjasetningu. Auk þess eru rifjuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um upptöku og frágang heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsóknir og rökfærsluritgerðir, en auk þess verður lögð áhersla á munnleg skil verkefna og reglur um framsetningu máls og munnlegan flutning rifjaðar upp í því sambandi.

Markmið:

Að nemandi:

- kunni og geti beitt helstu stafsetningarreglum
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu í ræðu og riti
- kunni og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta
- kunni og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls
- kunni og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda
- geti tjáð sig í ræðu og riti

Námsgögn:

Íslenska eitt, fyrst útgefin 2006, eftir Ragnhildi Richter o.fl.

Ítarefni með æfingum. Íslenska 202. Hefti, selt á skrifstofu VMA.

Kjörbók, ákveðin síðar.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (4 vikur) 8. janúar – 1. febrúar

Kynning á áfanga og námsefni. *Íslenska eitt*, bls. 175 – 221. 5. kafli: „Álitamál og árekstrar.“ Farið yfir efni kaflans og rifjaðar upp helstu reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna grind að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbyggingu (5% af lokaeinkunn), og fullvinna síðan ritgerðina samkvæmt reglum þar um (15% af lokaeinkunn). Lotunni lýkur með því að nemendur kynna efni og niðurstöður ritgerða sinna munnlega (5% af lokaeinkunn).

Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 25% af lokaeinkunn.

2. lota (5 vikur) 4. febrúar – 7. mars

Íslenska eitt, bls. 129 – 157, 24 – 26, 51 – 54, og *hefti með itarefni*. Stafsetning, orðflokkgreining og greinarmerkjasetning. Farið yfir framangreind atriði og unnin ýmis verkefni en yfirferðinni lýkur með prófi sem gildir 25% af lokaeinkunn. Samhliða framangreindri yfirferð lesa nemendur kjörbók og vinna verkefni í bókmenntagreiningu sem gildir 10% af lokaeinkunn.

Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 35% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		
ÍSL 202 Kennsluáætlun vorönn 2013		

3. lota (4 vikur) 11. mars – 12. apríl (páskafrí kemur inn í lotuna)

Hefti með itarefni. Farið yfir smíði og frágang heimildaritgerða og reglur þar að lútandi. Fjallað um upptöku og frágang heimilda (tilvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá) og unnin ýmis æfingaverkefni. **Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 25% af lokaeinkunn.**

4. lota (2 vikur) 15. apríl – 30. apríl

Íslenska eitt, bls. 223 – 251. 6. kafli: „Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin/n stór?“ Farið yfir efni kaflans og unnin ýmis skrifleg verkefni, s.s atvinnuumsókn og ferilskrá. **Einkunn fyrir lotuna er 15% af lokaeinkunn.**

Verkefni, námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus í annarlök en námsmat og lokaeinkunn byggist á eftirfarandi verkþáttum annarinnar:

1. lota: Skrifleg og munnleg verkefni	25%
2. lota: Próf í lotulök,	25%
verkefni í bókmenntagreiningu	10%
3. lota: Heimildaverkefni	25%
4. lota: Skrifleg verkefni	15%

Brýnt er að nemendur mæti vel og sinni skilvíslega verkefnavinnu sem að mestu fer fram í tímum.

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um sem fylgja kennsluáætluninni.

Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur vinnuskil skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils